Einn og tveir inn komu þeir,



Einn og tveir inn komu þeir,



þrír og fjórir, furðustórir.




Fimm og sex, sjö og átta, svo fóru þeir að hátta,



níu, tíu, ellefu og tólf, lögðu plöggin sín ofan á gólf.



Fóru svo að sofa, sína drauma lofa,




en um miðjan morgun mamma vakti þá.




Þrettán, fjórtán, fimmtán, sextán, fætur stukku þeir á,




fóru svo að smala, suður fyrir á.




Sautján, átján, lambærnar fundu þeir þá. Nítján voru tvílembdar torfunum á.




Tuttugu sauðina suður við mel,



teldu nú áfram og teldu nú vel.